



Lúxemborg 3. maí 2006

Fréttatilkynning 6/2006

Dómur í máli E-3/05 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

Búsetuskilyrði réttlætt með vísan til byggðasjónarmiða

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sem kveðinn var upp í dag, að Noregur hefði ekki brotið skyldur sínar samkvæmt reglum EES-samningsins um frjálsa för launþega og rétt þeirra til almannatrygginga, með því að gera búsetu á tilteknu svæði í Noregi að skilyrði fyrir rétti til uppbótar á barnabætur. Fellst dómstóllinn því ekki á kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í málinu, en ESA höfðaði málið fyrir dómstólnum á hendur Noregi.

Málið varðar norska löggjöf um barnabætur, en samkvæmt henni eiga foreldrar sem búa með börnum sínum undir 18 ára aldri rétt á almennum barnabótum. Foreldrar sem búa með börnum sínum innan sýslumarka Finnmerkur í Norður- Noregi, eða í einu af sjö bæjarfélögum Troms-sýslu sem liggja að Finnörku, eiga þar að auki rétt á uppbót á almennu barnabæturnar (hin svokallaða Finnmerkuruppbót). Finnmerkuruppbótin var tekin upp á níunda áratugnum í þeim tilgangi að styrkja byggð á umræddu svæði.

Krafa ESA í málinu á rætur sínar að rekja til kvörtunar frá konu sem starfaði í Finnörku en bjó með barni sínu í Finnlandi. Í tengslum við starf sitt í Noregi átti konan rétt til almennra barnabóta en umsókn hennar um Finnmerkuruppbótina var hafnað á þeirri forsendu að hún væri ekki búsett á svæðinu.

Helsta ágreiningsefnið fyrir dómstólnum var hvort Finnmerkuruppbótin bryti í bága við ákvæði 73. gr. reglugerðar ráðsins EBE nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, sem vísað er til í VI. viðauka við EES-samninginn. ESA hélt því fram í málinu að umrædd grein bannaði EES-ríkjum fortakslaut að gera búsetu að skilyrði fyrir rétti til fjölskyldubóta, og gildi þá einu hvort um væri að ræða búsetu í tilteknu landi eða á tilteknu svæði.

Dómstóllinn hafnar túlkun ESA á 73. gr. reglugerðar nr. 1408/71. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að greinin útiloki ekki að búseta á ákveðnu svæði sé gerð að skilyrði fyrir rétti til uppbótar á barnabætur fyrir þá sem þar búa, svo sem hagaði til í málinu. Reglugerðin banni einungis slík skilyrði ef þau fela í sér óréttmæta mismunun gagnvart farandlaunþegum.

Í dóminum kemur fram að umrætt búsetuskilyrði feli í sér óbeina mismunun þar sem það sé til þess fallið að íþyngja farandlaunþegum sérstaklega. Skilyrðið megi hins vegar réttlæta á grundvelli hlutlægra sjónarmiða, þ.e. að styrkja byggð á svæði þar fólksflótti er vegna erfiðra aðstæðna sem tengjast búsetu. Telur dómstóllinn að uppbætur til fjölskyldna sem búa með börnum sínum á slíku svæði geti hvatt til búsetu þar. Að mati dómstólsins sýndi Noregur nægilega vel fram á ekki hefði verið unnt að ná sama

markmiði á jafnskilvirkan hátt með ráðstöfunum sem hefðu minni takmarkanir á frjálsri
för launþega í för með sér. Kröfum ESA í málinu var því hafnað.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.